VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis**
**Efnahags- og viðskiptanefnd**
**b/t. nefndarritara**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu, prókúruumboð, lögum um sameignarfélög og lögum um fyrirtækjaskrá (132. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur tilfærslu verkefna frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár.*

Viðskiptaráð fagnar þeirri viðleitni sem felst í frumvarpi þessu í átt að einföldun ferla, bættri nýtingu kerfa og mannskaps auk bættrar þjónustu við atvinnulífið. Frumvarp þetta er til eftirbreytni enda ljóst að víðs vegar í stjórnkerfinu er unnt að ráðast í margþætta einföldun og auka þar með skilvirkni – stjórnsýslunni og notendum opinberrar þjónustu til hagsbóta.

*Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga.*

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands